

Festi hf.: Niðurstöður hluthafafundar 23. ágúst 2023

Hluthafafundur var haldinn hjá Festi hf. miðvikudaginn 23. ágúst 2023 klukkan 10:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Á fundinum voru eftirfarandi tillögur samþykktar.

1. Fundurinn samþykkti eftirfarandi tillögu um lækkingu hlutafjár vegna eigin hluta:

„Hluthafafundur Festi hf., haldinn 23. ágúst 2023, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 312.500.000 að nafnverði í kr. 304.500.000 að nafnverði, einvörðungu til lækkunar eigin hluta á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með um kr. 8.000.000 að nafnverði. Lækkunin tekur einvörðungu til eigin hluta sem félagið hefur eignast með kaupum á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun sem var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 22. mars 2022 á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.“

4. gr. samþykktu félagsins breytist til samræmis við hina samþykktu tillögu.

2. Fundurinn samþykkti eftirfarandi tillögu um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár og verður hún tekin upp í samþykktir félagsins sem nýtt ákvæði 5. mgr. 5. gr.:

„Hluthafafundur Festi hf., haldinn 23. ágúst 2023, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnverði allt að kr. 10.000.000. Heimild stjórnar skal aðeins nýtt til þess að efna skuldbindingar félagsins um greiðslu hluta kaupverðs samkvæmt samningi á milli Festi hf. og SID ehf., dags. 13. júlí 2023, um kaup Festi hf. á öllum hlutum í Lyfju hf. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykktu félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé og falla hluthafar því frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárukningunni í samræmi við ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu að gættum þeim takmörkunum sem leiða af kvöðum um sölubann samkvæmt kaupsamningnum. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimildin er veitt til 15. maí 2024. Stjórn félagsins skal vera heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.“

3. Aðrar tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins voru samþykktar.

Um breytingarnar er vísað til tillöguskjals fyrir fundinn sem aðgengilegt er á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/hluthafafundur-2023>.

Nánari upplýsingar veitir Ásta S. Fjeldsted, forstjóri Festi – asta@festi.is